



Minnisblað

Efni: Fyrir nýtt útboð

Frá: Erlendur Pálsson

Til: SSH og stjórnar Strætó

Dagsetning: 25.06.2018

Í kjölfar skýrslu frá Alta sem listar upp þeim vandamálum sem eru tengd núverandi rammisamningi um akstursþjónustuna og uppgjörsmál er þeirri spurningu ekki enn svarað um hvaða rekstrarform er æskilegt fyrir akstursþjónustu fyrir fatlaða og aldraða sé æskilegt að stefna á í næsta útboði.

Til þess að svara þessari spurningu þarf að skoða enn betur og nýta þær upplýsingar sem þegar liggja fyrir og leiða svara við neðangreindum spurningum og meta í kjölfarið um hvaða rekstrarform er æskilegt fyrir næsta útboðstímabil sem hefst 1. Janúar 2020 fyrir hvert sveitafélag sem kemur að þessari þjónustu á höfuðborgarsvæðinu.

Ég tel afar mikilvægt að ákvarðanir um að slíta eða halda áfram samstarfi verði ekki teknar án þess að gaumgæfa vel mögulegar leiðir og eru hagkvæmastar fyrir alla hlutaðeigandi þannig að nýr rammisamningur verði ekki eins umdeildur/gallaður og sá fyrri. Ég get ekki séð að það sé farsælt fyrir sveitafélög að taka ákvörðun án þess að svara neðangreindum spurningum og að sjá tillögur um rekstrarform og áætlaðan kostnað fyrir sveitafélagið. Upplýsingar um áætlaðan kostnað liggja ekki fyrir og væri óráð að taka stórar ákvarðanir um samstarf án þessa að vita hvaða leiðir eru hagkvæmastar fyrir alla hlutaðeigandi.

Hér fyrir neðan er listi spurninga sem þarf að svara til að sveitafélögin hafi einhverjar upplýsingar til að byggja á ákvörðun um frekara samstarf eða ekki.

Rekstrarform

- Eiga sveitafélögin að vinna saman, að hluta til eða ekki?
- Hvað á að vera undir einum hatti fjármál, símaver, flotastýring, bílstjórar, rekstur bíla o.fl?
- Er rétt að þjónustan sé undir Strætó bs?
- Hvaða hluta af kerfinu á að bjóða út?
- Fylgdarmenn í bíla – hverjir útvega og hversu margir?
- Er tilefni til að breyta þjónustutíma



- Þjónustumarkmið
- Handröðun á bíla

Tölvukerfi

- Fara yfir hvaða kerfi eru í boði utan þess sem er núna í notkun
- Trapeze er keyrt í vefumhverfi er tilefni til að fara í servera-umhverfi ?
- Ef ekki er farið í nýtt kerfi þarf að endursemjja við Trapeze

Ferðabókanir

- Er tilefni til að fara yfir reglur á bókunum ferða?
- Aðgangur stofnanna að ferðum notenda

Verktakar – samningar

- Framlenging á samningum við eldri verktaka?
- Reglubundinn eða tilfallandi akstur (A eða B)?
- Fjölnotabílar 2 – 3 hjólastólar?
- Litlir bílar?
- Litlir hjólastólabílar
- Rútuakstur í grunnskóla
- Samningar við Hreyfil eða aðrar stöðvar er það útboðsskylt?
- Þarf að endurskoða staðla um aðgengi í bílum
- Nýta leigubíla meira?
- Forgangur verður að vera skýr
- Margir verktakar eða fáir stórir?
- Heimildir til framsals samninga þarf að vera skýrt
- Heimildir til að breyta bílum – fjölga/fækka sætum
- Ákvæði um fjölgun/fækkun bíla á samningstímanum
- Kvaðir um að sinna þjónustunni þannig að ekki verði þjónusturof
- Uppsagnarákvæði verða að vera skýrari
- Tryggja að GSM símar séu í bílum
- Talstöðvar verði í öllum bílum
- Staðsetningarkerfi GPS verður að vera ófrávíkjanleg krafa.
- Aðgangur að akstursferlum til farþega/aðstandenda verði heimil



- Eftirlit með undirverktöku
- Eftirlit með öryggismálum í bílum
- Samsetning á vísitölu og breytingar á samningstíma
- Heimildir til sekta við samningsbrot
- Heimildir til afleysinga á bílum og bílstjórum þarf að vera skýrari
- Skýrt að þjónustutími sé á úthlutuðum ferðum ekki hvernig kveikt sé á aksturstölvu
- Viðurlög varðandi ranga tímaskráningu í aksturstölvu
- Leita leiða til að fjölga hjólastólabílum á leigubílastöðvum?

Fargjöld

- Hvernig innheimt
- Úthlutun ferðafjölda
- Kort í bíla með myndum?
- Samræma fargjöld?
- Öryrkjakort?
- Hvernig er tekið á vanskilum?
- Breytingar á gjöldum eftir tíma dags
- Sektir v NoShow?

Uppgjör til sveitafélaganna

- Grandskoða hlutfalls skiptinguna og hvernig hún er reiknuð í dag og hvort að það sé tilefni til að breyta henni – mikil óánægja hjá Rvk.

Farþegar

- Fjölga eldri borgurum
- Leita leiða til að koma farþegum meira í almenningssamgöngur?
- Innleiða sjúkrahúsaakstur
- Yfirfara Skólaakstur
- Samnýta með Blindrafélaginu?
- Tímabundinn akstur vegna veikinda/slysa?
- Á að tengja þjónustuna við almenningssamgöngur?
- Farþegar sem eiga bifreið en geta nýtt þjónustuna líka?

- Fara yfir gildistíma farþegasamninga
- Heimildir til að breyta ferðatíma vegna lokana
- Skýrari reglur varðandi fylgdarmenn
- Biðtími farþega og bíla
- Sami bíll í fljótafgreiddum erindum?
- Ferðatími uppá samnýtingu á bílum

Það er mín tillaga að kallaður verði til óháður verkefnastjóri með þekkingu á rekstri og samgöngumálum til að koma með tillögu um rekstrarform og kostnaðaráætlun. Þessi vinna er sú mikilvægasta í undirbúningi fyrir nýtt útboð og þarf góðan tíma til að vinna. Mín tillaga er að þessari vinnu verði gefin tími til loka nóvember. Það er ljóst að tíminn er orðinn naumur og líklegt að það stefni í að nauðsynlegt verði að framlengja eldri samningi um einhverjir mánuði til að ná að klára alla þá vinnu sem er nauðsynleg fyrir nýtt útboðstímabil.

Það er von mín að brugðist verði hratt við og kraftur verði settur í ferlið.

Með vinsemd og virðingu

Erlendur Pálsson
Sviðsstjóri akstursþjónustu Strætó bs.